

RAFÆN ÞJÓNUSTA FYRIR FYRIRTÆKI





RAFRÆN ÞJÓNUSTA FYRIR FYRIRTÆKI

Rafræn þjónusta sparar fyrirtækjum bæði fé og fyrirhöfn

Arion banki leggur ríka áherslu á að vera leiðandi í rafrænum viðskiptum og bjóða heildarþjónustu hvað varðar netbanka, útgáfu innheimtukrafna, birtingu rafrænna skjala og gjaldeyrisviðskipti á netinu. Arion banki leggur einnig áherslu á að fyrirtæki geti stundað umhverfisvæn viðskipti.

NETBANKI ARION BANKA

Í Netbanka Arion banka er öflugur fyrirtækjabanki þar sem lögð er áhersla á að þróa nýjar lausnir til að sinna þörfum fyrirtækja og félaga. Í netbankanum er hægt að stunda bankaviðskipti á einfaldan og öruggan hátt.

Í NETBANKA ARION BANKA ER MEÐAL ANNARS HÆGT AÐ:

- ◆ Beintengja bókhaldskerfi við netbankann, B2B þjónusta
- ◆ Setja upp samþykktarferli þannig að fleiri en einn starfsmaður verði að koma að hverri greiðslu
- ◆ Stofna mismunandi aðgang fyrir starfsmenn
- ◆ Greiða margar greiðslur í einu
- ◆ Nota flýtleiðir við millifærslur og greiðslur
- ◆ Yfirfæra gjaldeyri á milli landa á einfaldan, öruggan og ódýran hátt
- ◆ Skrá innheimtukröfur á einfaldan og öruggan hátt
- ◆ Skoða rafræn skjöl sem send hafa verið fyrirtækinu í birtingar-kerfi bankanna

INNHEIMTUÞJÓNUSTA ARION BANKA

Innheimtuþjónustan er kjörin leið til að halda utan um kröfur allt frá því þær eru stofnaðar þar til þær eru greiddar. Þjónustan hentar fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum með eigin rekstur.

BETRA GREIÐSLUFLÆÐI MED INNHEIMTUKRÖFUM ARION BANKA

ÚTANUMHALD
frá stofnun til
greiðslu á kröfu

YFIRSÝN
útistandandi
skuldir og vanskil

VINNUHAGRÆÐI
auðveldari og nákvæmari
bókhaldsvinna

innheimstuskuldir
milliinnheimta
ítrekunarbréf

skýrslur
uppfletting á
stökum kröfum

beintenging
bókun á
greiðsluskrá

HELSTU KOSTIR:

- ◆ Öflugt viðmót með miklum sveigjanleika fyrir kröfuhafa
- ◆ Bætur greiðsluflæði og veitir yfirsýn yfir útistandandi skuldir
- ◆ Auðveldar bókhaldsvinnu
- ◆ Krafa birtist í netbanka greiðanda sem leiðir til betri skila á greiðslum
- ◆ Samtímabókun greiðslna inn á reikning kröfuhafa
- ◆ Hægt er að birta greiðsluseðla rafrænt
- ◆ Hægt er að skrá kröfur í beingreiðslur í netbönkum
- ◆ Hægt er að tengja innheimtuþjónustuna beint við bókhaldskerfi, B2B þjónusta

Í INNHEIMTUÞJÓNUSTU ARION BANKA ER M.A. HÆGT AÐ:

- ◆ Handskrá stakar kröfur eða stofna margar kröfur í einu með magnskráningu
- ◆ Vinna með stakar kröfur eða margar kröfur í einu í notendavænu viðmóti
- ◆ Breyta kröfu, fella niður og senda í milliinnheimtu
- ◆ Breyta tilkynninga- og greiðslugjaldi, innborgunarreglu, vanskilagjaldi, dráttarvaxtaútreikningi og niðurfellingar-degi á ógreiddum kröfum
- ◆ Sérstíða innheimtuferla að þörfum hvers fyrirtækis
- ◆ Kalla fram skýrslur úr kerfinu, svo sem skulda-, vanskila- og greiðslulista og lista yfir kröfur í milliinnheimtu
- ◆ Fá sundurliðun á kröfunni hvað varðar kostnað og vexti

GJALDEYRISVIÐSKIPTAKERFI ARION BANKA

Í netbankanum geta fyrirtæki millifært erlendar greiðslur án milligöngu á þægilegan, öruggan og hagkvæman hátt. Allar aðgerðir eru á rauntíma, þannig að hægt er að uppfæra bókhaldið samstundis. Staðfesting á greiðslu fer sjálfkrafa í tölvupósti til hins erlenda viðskiptavinar.

HELSTU KOSTIR:

- ◆ Notendavænt viðmót
- ◆ Sparar tíma og kostnað og minnkar villuhættu
- ◆ Auðveldar millifærslur á gjaldeyri milli landa
- ◆ Góð yfirsýn yfir viðskiptamannalista og greiðslusögu
- ◆ Móttakanda greiðslu þarf aðeins að skrá inn einu sinni
- ◆ Móttakendur vistast sjálfkrafa milli notenda innan sama fyrirtækis
- ◆ Engin bið eftir kvittunum

Í GJALDEYRISVIÐSKIPTAKERFINU ER M.A. HÆGT AÐ:

- ◆ Skoða erlent greiðsluflæði fyrirtækisins eftir tímabilum, gjaldmiðli, viðtakendum eða löndum
- ◆ Fá tilkynningu með tölvupósti um leið og erlendar greiðslur berast
- ◆ Skrá og vista greiðslur fram í tímann í greiðslubók
- ◆ Senda greiðslukvittun í tölvupósti á 14 tungumálum
- ◆ Sækja greiðslukvittanir 7 ár aftur í tímann
- ◆ Skoða gengi dagsins og fylgjast með gengisþróun
- ◆ Beintengja reikninga notenda í erlendum bönkum þannig að yfirlit yfir færslur birtist í Netbanka Arion banka

RAFRAEN SKJÖL ARION BANKA

Arion banki býður fyrirtækjum með bókhaldskerfi upp á birtingu rafrænna launaseðla, launamiða, greiðsluseðla, reikninga, viðskipta-yfirlita og lykilorða í gegnum netbankann. Rafræn skjöl birtast í netbönkum óháð því hver viðskiptabanki viðtakanda er. Rafræn birting skjala felur í sér bættu þjónustu við móttakendur og um leið sparnað fyrir sendanda.

HELSTU KOSTIR:

- ◆ Sparar tíma, fyrirhöfn, pappírs- og sendingarkostnað
- ◆ Umhverfisvæn viðskipti
- ◆ Einföld leið til að senda og vista upplýsingar með mjög öruggum hætti
- ◆ Skjöl eru vistuð í rafrænni skjalamöppu í 7 ár
- ◆ Hægt er að beintengja bókhalds-, vef- og/eða launakerfi
- ◆ Bætt þjónusta við viðskiptavinum og starfsmenn

Fáðu ráðgjöf um hvaða þjónusta hentar þínu fyrirtæki hjá fyrirtækjaráðgjafa Arion banka í síma **444 7000** eða sendu tölvupóst á arionbanki@arionbanki.is og haft verður samband við þig við fyrsta tækifæri.

Frekari upplýsingar er einnig að finna á vef Arion banka www.arionbanki.is





Arion banki

Borgartúni 19
105 Reykjavík
www.arionbanki.is

444 7000

Opið 9-16 alla virka daga.